Ekki lengur hræddir við að fara eigin leiðir


Það eru nú liðin þrjú ár frá því Baltasar var síðast með einkasýningu. Ýmsum finnst því að tími sé kominn til, að listamaðurinn fari að troða upp.

Og það er einmitt í dag sem Baltasar opnar sýningu á Kjarvalsstöðum. Þetta er mikil sýning hjá listamanninum og mun það varla koma á óvart neinum, sem fylgzt hefur með listaferli mannsins.

Baltasar sýnir þarna um 50 olíumálverk. En auk þess eru á sýningunni 40 teikningar, þar á meðal myndir af öllum bændum í Grímsnesi. Teikningarnar eru allar í eigu tengdaföður Baltasar, Guðna Guðbjartssonar stöðvarstjóra við Sogsvirkjun, og má vera að tilkomu safnsins megi rekja til þess tíma er Baltasar var á biðilsbuxum austur í sveitum.

En það eru þó fyrst og fremst olíumálverkin, sem mest ber á á sýningunni. Þetta eru miklar myndir og dýrar, og er engin myndanna verðlögð undir 150 þúsund krónum. Þær dýrustu kosta um hálfa milljón og upp í 600 þúsund krónur.

Ef litið er á verðbólguþróunina í þessu landi okkar er ekki ósennilegt að gera megi góð kaup á þessari sýningu ef menn eiga einhverja lausa aura.



Baltasar hefur breytt nokkuð um stíl frá síðustu sýningu. Litirnir eru bjartari og ákveðnari en áður, og einnig hefur listamaðurinn breytt mikið um val á mótívum. Landslagið er að mestu eða öllu horfið og í staðinn hafa komið lifandi mótív af mönnum og skepnum, raunverulegum og huglægum.

Þegar blaðamaður Alþýðublaðsins spurði Baltasar að því í gær, hvað honum finndist um íslenzka myndlistarmenn um þessar mundir, sagði hann brosandi, að ástandið væri þannig, að það væri jafnvel kominn galsi í mannskapinn.

„Það hefur orðið breyting á


Framhald á bls. 8

★ **Baltasar opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag** ★

Þorsteinn Hannesson sextugur:

Hefur sungið stór hlutverk í óperum víða um lönd

TÓNLEIKAR TIL HEIÐURS AFMÆLISBARNINU Í DAG



Þorsteinn Hannesson

Þorsteinn Hannesson tónlistarstjóri Útvarps á sextíu ára afmæli í dag. Hann er fæddur á Siglufirði 19. marz 1917, en fluttist um tvítugt til Reykjavíkur.

Þorsteinn hóf söngnám hjá Sigurði Birkis 1940 og stundaði það í þrjú ár. Haustið 1943 hélt hann utan og hóf nám við Royal College of Music í London, þar sem hann var um fjögurra ára skeið. Áður en hann hélt utan vakti hann geysimikla athygli er hann söng Guðspjallamanninn í Jóhannesarpassíu, mjög erfitt hlutverk, undir stjórn dr. Urbancic.


Árið 1947 var Þorsteinn ráðinn aðaltenór við Covent Garden óperuna í Lundúnum, en leyfi til að syngja fékk hann ekki fyrr en 1948, og söng hann þá mörg stærstu hlutverk í óperum og óperettum sem færðar voru á svið í London, og þá á móti stórstjörnum, eins og Elisabetu Schwarzkoff og fleirum.

Er samningstími Þorsteins við Covent Garden var útrunninn 1954, og hann var að því kominn að undirrita samning í Þýzkalandi, bauðst honum að syngja hlutverk Carrio í Pagliacci, sem flutt var hér í Þjóðleikhúsinu 1954. Þorsteinn kom þá heim, söng Carrio og gerðist síðan aðalkennari í söng við Tónlistarskólann í Reykjavík, en sönglistin var þá í örum vexti hér á landi Tvö síðastliðin árhefur Þorsteinn verið tónlistarstjóri Útvarps. Hér heima hefur hann sungið mörg stór hlutverk í óperum og óperettum, svo sem Tosca, Töfraflautunni, Kátu ekkjunni og fleiri, auk þess sem hann hefur oftsinn is sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar á meðal í Carmina Burana eftir Car Orrf, sem Söngsveitin Fílharmónía flutti fyrir um það bil ári.

Í tilefni sextugsafmælis Þorsteins efna nokkrir einsöngvarar og pianóleikarar til tónleika í Austurbæjarbíói í dag klukkan 14.30.

Þeir söngvarar sem fram koma eru Sigurður Björnsson, Kristinn Hallsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Vilhelmsson, Garðar Cortez, Jón Sigurbjörnsson, Rut L. Magnússon, Guðrún Tómasdóttir, Elín Sigurvinsdóttir, Sólveig Björling, Svala Nielsen, Elísabet Erlingsdóttir og undirleikararnir Carl Billich, Guðrún A. Kristinsdóttir, Gústaf Jóhannesson, Krystyna Cortez og Ólafur Vignir Albertsson. Að lokum mun svo afmælisbarnið syngja.

—AB



Bak við allt skapandi starf liggur fantasía

Sigríður Björnsdóttir listmálari opnar sýningu á verkum sínum í Norræna húsinu í dag, laugardag. Sýningin verður opin til mánaðarmóta.

Listakonan sýnir þarna 61 mynd, sem allflestar eru málaðar síðustu tvö árin. Þó eru nokkrar eldri myndir á sýningunni. Myndirnar eru allar málaðar með akrýl á striga.

Á fundi með blaðamönnum í gær sagði Sigríður, að hún gæfi myndum sínum ekki nafn. Hins vegar gæti hún gefið áhorfendum sínum vissa innsýn í myndirnar með því að segja frá sjónarmiðum sínum og hugmyndum, bæði almennt um myndlist og svo að því er varðaði hverja einstaka mynd.

„Jú, að vissu leyti má segja að myndirnar mínar séu abstrakt, eða kannski heldur „eonstructíve". Það eru form, dýpt og hrynjandi, sem eru aðal þættirnir í myndunum mínum," sagði Sigríður.

Að vísu fer ekki framhjá nokkrum manni sem lítur inn á sýninguna, að listakonan er einnig mjög litaglöð. „Jú, það er rétt," sagði Sigríður. „Og litirnir hafa orðið bjartari og meiri í seinni tíð."

Sigríður sagði að umhverfið orkaði mjög sterkt á sig. „Ég er á móti mengun og þess vegna mála ég um mengun. Einnig hef ég orðið fyrir sterkum áhrifum í mannlegum samskiptum, t.d. við kerfið. Og þetta kemur fram í sumum myndunum sem ég mála."

Um myndlistina almennt sagði Sigríður: „Ég hallast að því veigamikla hlutverki myndlistarinnar að höfða til hvers og eins, þannig að myndin virki sem hvati á hugmyndaflug hvers einstaklings, enda sjá engir tveir menn sama hlutinn eins því reynsla þeirra og sýn er þeirra persónulega eign. Sem sé. Ég hef ekki áhuga á að segja mönnum hvað þeir eigi að sjá, heldur hef ég hug á að virkja hug þeirra og sýn."

Sigríður Björnsdóttir segir að myndmálið sé alþjóðlegt og mönnum meðfætt. „Út um hin viðáttumiklu svið mannsins liggur margt bælt og vanrækt, sem ég held að myndlistin geti vakið, sé henni beitt virkjandi. Ég held að bak við allt skapandi starf liggi fantasía," segir listakonan Sigríður Björnsdóttir.

Það er auðséð á myndunum hennar Sigríðar, og af rabbi hennar um listaverkin, að hún er ekki neinn venjulegur sveita-

Framhald á bls. 8

☆ **Sigríður Björnsdóttir opnar myndlistarsýningu í dag** ☆